

Alþingi
Erindi nr. P 130/2508
komudagur 24.5. 2004

Reykjavík 21. maí 2004

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Smábátafélags Reykjavíkur um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 996. mál, stjórn fiskveiða.

Smábátafélag Reykjavíkur lýsir furðu sinni á aðdraganda þessa frumvarps og lítur svo á að það sé með öllu úr takti frá því sem viðræður Landssambands smábátæigenda og hstv. sjávarútvegsráðherra snerust um.

Í umsögn sem Smábátafélag Reykjavíkur sendi frá sér um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 485. mál um sóknardaga handfærabáta, var gerð grein fyrir samþykktum félagsins hvað þessi mál varðar:

„Félagið hefur til margra ára ályktað á þann veg að settur verði lágmarksfjöldi sóknardaga í sóknardagakerfi handfærabáta og hefur krafan verið að fjöldi daganna verði aldrei minni en 23.“

Framkomið frumvarp kemur á engan hátt móts við þessa kröfu og sú fullyrðing við kynningu á frumvarpinu að um jafna valkosti sé að ræða er fjarstæða. Verði frumvarpinu ekki breytt til þess vegar að tryggur lágmarksfjöldi daga sé settur þar inn er það mat Smábátafélags Reykjavíkur að vísitandi sé verið að eyðileggja sóknardagakerfið.

Smábátafélag Reykjavíkur andmælir því ekki að mönnum séu boðnir valkostir, en gerir þá skilyrðislausu kröfu að þeir séu í samræmi við þá kynningu sem ráðherra og ráðuneyti hafa haft í frammi, þ.e. að um raunverulegt val sé að ræða.

Virðingarfyllt
F.h. Smábátafélags Reykjavíkur

Þorvaldur Gunnlaugsson, formaður